

Mál nr. 47/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar M

Maður meiddist á fæti þegar hann var að skipta um glugga í húsi þ.30.9.2008 .

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 2.2.2009 ásamt bréfi lögmanns M og fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 16.2.2009.

Málsatvik.

Í tilkynningu um vinnuslys segir M að hann hafi verið að vinna við að setja glugga í hús og misstigið sig og slasast á hné. Sama frásögn kemur fram frá M í læknisvottorði dags.28.11.2008. Í bréfi lögmanns M segir að hann hafi verið að bera 200 kg. glugga í umrætt sinn og hafi misstigið sig á brún sem var á gólfinu og slasast á hné og telur lögmaðurinn ljóst að um slys hafi verið að ræða. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi ekki orðið fyrir slysi í samkvæmt slyshugtaki vátryggingarréttar.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir segir ”Með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur tjóni á líkama þess sem vátryggður er, og gerist án vilja hans.” Ljóst er miðað við þær atvikalýsingar og gögn sem fyrir liggja í málinu að tjón M er ekki bótaskyldt úr slysátryggingu hans hjá V miðað við ofangreinda tilvitnun í vátryggingaskilmála slysátryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.